

**3. fundur skólanefndar vegna Flúðaskóla árið 2017, haldinn 23. maí 2017 í
Flúðaskóla kl. 13:30. 15. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.**

Mætt til fundar: Bjarney Vignisdóttir, formaður sem ritaði fundargerð, Jón Bjarnason Vigdís Furuseth, Ingvar Hjálmarsson, Ásmundur Lárusson mætti ekki, Guðrún Pétursdóttir, Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri, Kristín Erla Ingimarsdóttir, fulltrúi kennara, Harpa Vignisdóttir, fulltrúi skólaráðs.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla skólastjóra**
- 2. Rekstur Flúðaskóla**
- 3. Símenntunaráætlun næsta skólaárs**
- 4. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra

Vikuna 3.-7. apríl var „Opinn skóli“ fyrir foreldra í Flúðaskóla í annað skipti í vetur. Í samræmi við skólastefnuna viljum við tengja foreldra sem best við starfið okkar, og því skorum við á foreldra að koma í heimsókn, þegar þeim hentar, og taka virkan þátt í starfinu með okkur. Frekar dræm mæting var hjá foreldrum en við ætlum þó að halda ótrauð áfram með þetta.

Stjórnendur Flúðaskóla buðu foreldrum til áhugaverðs stefnumóts í Flúðaskóla miðvikudaginn 26. apríl sem nefndist "það þarf heilt þorp til að ala upp barn". Stefnumótið var bæði gagnlegt og skemmtilegt þar sem lestrarstefnan var kynnt, síðan áttum við samtál um heimanám og foreldrasamstarf. Tilgangur slíks fundar er að heyra raddir foreldra og marka stefnu fyrir skólann sem snúa að heimanámi og foreldrasamstarfi.

Sú nýbreytni hefur orðið í mötuneyti að þar hefur verið settur upp salatbar sem gríðarleg ánægja er með.

Tveir nemendur úr Flúðaskóla komust í Nýsköpunarkeppni grunnskóla. Þær Anna Katrín Víðisdóttir og Anna María Magnúsdóttir. 1100 hugmyndir voru sendar inn í keppnina og voru 25 hugmyndir valdar í úrslitahópinn sem fór í vinnusmiðjur til að útfæra hugmyndir sínar.

Námsmat er nú í fullum gangi og gengur það vel en mikil vinna hefur farið í námskrárvinnu og skráningar í vetur vegna innleiðingar nýs námsmats.

Niðurstöður úr samræmdum prófum í 9. og 10. bekk vorið 2017

<i>Bekkur</i>	<i>Námsþáttur</i>	<i>Landið allt</i>	<i>Suðurland</i>	<i>Flúðaskóli</i>
10. bekkur	<i>Íslenska</i>	<i>30.04</i>	<i>29.23</i>	<i>35.08</i>
9. bekkur	<i>Íslenska</i>	<i>30.07</i>	<i>29.24</i>	<i>27.07</i>
10. bekkur	<i>Stærðfræði</i>	<i>30</i>	<i>27.7</i>	<i>29.83</i>
9. bekkur	<i>Stærðfræði</i>	<i>29.99</i>	<i>28.2</i>	<i>28.15</i>
10. bekkur	<i>Enska</i>	<i>30.06</i>	<i>27.34</i>	<i>24.41</i>
9. bekkur	<i>Enska</i>	<i>30.06</i>	<i>27.73</i>	<i>25.92</i>

Búið er að auglýsa lausar stöður við Flúðaskóla, 40% tónmenntakennslu og 60% íþróttakennslu afleysingu næsta skólaár. Umsóknarfrestur rennur út 23. maí.

2. Rekstur Flúðaskóla

Skólastjóri fór yfir helstu tölur í rekstri skólans það sem af er ári. Reksturinn er á áætlun.

3. Símenntunaráætlun næsta skólaárs

Skólastjóri kynnti símenntunaráætlun fyrir starfsmenn næsta skólaár.

4. Önnur mál

- a) Niðurstöður vegna samræmdra prófa í 4. og 7. bekk verða sendar til nefndarmanna í pósti.

- b) Lögð fram beiðni frá Árna Þór um lækkun á starfshlutfalli úr 100% í 25% tímabundið næsta skólaár vegna aukins starfshlutfalls sem íþróttá- og æskulýðsfulltrúi Hrunamannahrepps. Skólastjórnendur mæla með að þessi beiðni verði samþykkt. Skólanefnd samþykkir beiðnina.

Fleira ekki gert.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl 14:15